



SUÐURLANDSSKÓGAR

Alþingi
Erindi nr. P 131/258
komudagur 29.11.2004

Selfossi 26. nóvember 2004.

Nefndarsvið alþingis, Umhverfisnefnd.

Umsögn Suðurlandsskóga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Athugasemd nr. 1.

Gerð er athugasemd við 2. viðauka laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum í fyrsta kafla 19. greinar; D-liður 1. tölul.: Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun o.s.frv.

Lagt er til að í stað 50 ha standi 500 ha.

Greinagerð.

1. Með minnkun í 50 ha er verið að ýta undir svokallaða „skæklaskógrækt“.
2. Miklar líkur er á holskeflu á stofnun skógræktarnýbýla ef þessi breyting nær fram að ganga (ein jörð verður að nokkrum, hver um sig 49 ha). Það virðist vera minnsta mál að stofna nýtt lögbýli í dag.
3. Ef 50 ha markið verður notað þá leiðir það til aukins kostnaðar hjá landeigendum, í flestöllum tilfellum, við upphaf skógræktar. Upphafskostnaður í skógrækt er minni á hvern hektara lands eftir því sem landstærð er meiri.
4. Aukinn kostnaður verður við skógræktarskipulag á jörðum - minna svæði í skipulagi þíðir aukinn kostnað á hvern hektara, samanborið við stærri heilstæð landsvæði.
5. „Skæklaskógrækt“ er ekki þjóðhagslega hagkvæm m.a. vegna þess að skógarjaðar í 50 ha skógi mun ná yfir u.þ.b. 20 % af skóginum, meðan að 500 ha skógur hefur einungis örfá % jaðarsvæði.
Í nytjaskógrækt er skógarjaðar að öllu jöfnu ekki höggvinn og því að mestu verðlaus þegar að lokaskógarhöggi kemur.
6. Það verður erfitt fyrir skógræktarfolk framtíðarinnar að verja skógarmynd Íslands, sem gæti orðið með þessum lögum mörg þúsund skógarreitir víðs vegar um landið, í stað skógarsvæða sem hefur samfelli í landslagi.


Athugasemd nr. 2.

Í 22. grein skipulags- og byggingarlaga er bætt setningunni „Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir”. Engar útskýringar eru í frumvarpsdrögum varðandi þetta innskot í lögina og ekki tilgreint hvaða skipulagsáætlanir er átt við.

Það vekur furðu undirritaðs að innan landbúnaðargeirans skuli einungis landgræðslu- og skógræktaáætlanir ætlað það hlutverk að vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Auk þess er ekki tilgreint við hvaða skipulagsáætlanir er átt við.

Lagt er til að samræmis verði gætt innan landbúnaðargeirans um kvaðir og skyldur um mat á umhverfisáhrifum og tilgreint verði í lögum við hvaða skipulagsáætlanir er átt við.

Með vinsemd.



Björn B. Jónsson
framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga.